

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Niðurstöður hluthafafundar 26. febrúar 2026

Hluthafafundur í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf., var haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hinn 26. febrúar 2026, kl. 16:00.

Samþykkt var tillaga stjórnar um að breyta nafni félagsins í Bera hf., og að rekstur félagsins sem tengist sölu, framleiðslu og dreifingu á drykkjarvörum yrði framseldur til dótturfélags félagsins, ÖES ehf., kt. 680126-0110.

Fyrirnefnd tillaga fól í sér eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

(a) Ákvæði 1. gr. breytist og hljóðar nú svo:

"Félagið er hlutafélag og er nafn þess Bera hf."

(b) Ákvæði 3. gr. breytist og hljóðar nú svo:

"Tilgangur félagsins er eignarhald, kaup og sala á eignarhlutum í öðrum félögum og hvers kyns verðbréfum, umsýsla dótturfélaga, framleiðsla, innflutningur og sala drykkjarvara, hýsing, dreifing og tollumsýsla vara, rekstur tollvörugeymslu, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og tengdur rekstur."

Fyrirhugað er að ljúka nafnabreytingu félagsins í kerfum Kauphallar Íslands (Nasdaq Iceland) mánudaginn 2. mars 2026.

Í kjölfar fundarins var nafni ÖES ehf. breytt í Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.

Fundargerð fundarins verður gerð aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundir>.